

Heimsmynd nóv. '92

Penslan étur börnin sín

eftir dr. Ívar Jónsson

Íslendingar eru ákaflega nýrsk þjóð. Prátt fyrir miklar hagsveiflur hefur þensluskeiðið frá því í stríðinu fært okkur í hóp ríkustu þjóða heims. Næg atvinna hefur verið viðvarandi og tekjur hafa vaxið jafnt og þétt. Menntun fólks hefur skipt litlu í þessu sambandi. Íslendingar hömuðust við að byggja upp atvinnuvegi sína og stjórnsýslu og um leið óx millistéttin hröðum skrefum. Vöxtur stjórnsýslu, mennta- og velferðarkerfis, verslunar og þjónustu kallaði stöðugt á fleiri til starfa. Það var jafnvel algengt að fólk sem ekki hafði næga menntun fengi stjórnunarstöður, oft vegna fjölskyldu- eða stjórmálatengsla.

Á þessu þensluskeiði ólst upp heil kynslóð sem lifði við allt aðrar aðstæður en foreldrar þeirra, sem upplifðu kreppu fjórða áratugarins. Penslan varð til þess að brengla veruleikaskyn þessarar kynslóðar. Einstaklingshyggja blómstráði og sú hugmyndafræði varð ríkjandi að hver væri sinnar gæfu smiður því allir hefðu næg tækifæri til frama. Öll hugsun þessa fólks byggðist á skammtímalausnum. Það þótti því ekki ástæða til að byggja upp öflugt velferðarkerfi eða byggja upp atvinnuvegi framtíðarinnar. Í stað þess að fjárfesta í rannsóknunum og þróunarstarfsemi og auka þannig samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja var farin leið þriðja heimsins og áhersla lögð á orkusölu til ávers og í járnblendíð.

Nú hefur veruleikinn vakið Íslendinga af værum blundi. Penslukynslóðin situr við völd og glímir á sinn hátt við fimmtra-

samdráttarárið í röð. Eins og áður eiga einstaklingarnir og markaðslögmálin að leysa allan vanda. Niðurskurði opinberra útgjalda er ætlað að auka samdráttinn enn frekar með minnkandi almennri eftirspurn. Þannig dýpkar kreppan hraðar og gjaldþrot koma fyrr fram. Jafnframt eykst atvinnuleysi og það á að draga úr kaupkröfum launþega. Megin markmiðið með kreppunni er þó að úr rústunum rísi endurnýjað atvinnulíf. Vandamálið er bara að fjárfestingarfæri eru fá á Íslandi og fjárfestar leita stöðugt meira erlendis eftir möguleikum til fjárfestinga. Það eru því engin merki þess að kreppustefnan leiði til þess að fjárfest verði í hátækniðnaði á Íslandi sem muni skila miklu hagvexti í framtíðinni. Kreppustefnan er þannig enn einn fortíðarvandi framtíðarinnar.



Tilraun með fólk

Kreppustefnan hér á landi virðist vera tilraun um hversu langt megi ganga í samdrætti án þess að alvarlegir brestir komi í íslenskt samfélag. Það er ekki aðeins að gagnrýni landsbyggðafólks innan stjórnarflokanna sé háværari en nokku sinni, heldur ber þróunin stöðugt meira merki alvarlegs siðrofs í íslensku samfélagi. Hvers kyns ofbeldisglæpum fjölgar og innbrot eru tíðari. Á æðstu stöðum kæra menn sig kollótta þótt þeir viti að þeir beri siðferðilega ábyrgð á dauða þeirra sem ekki komast í aðgerðir á sjúkrahúsum vegna stöðugt lengri biðlista. Það er svipuð siðfræði

og að koma að manni eftir bílslys og láta hann vísvitandi deyja vegna þess að maður tímír ekki að skutla honum á sjúkrahús, enda hans mál að koma sér þangað.

Afleiðingar kreppustefnu birtast í fleiri myndum í samféluginu. Atvinnuleysi eða veruleg tekjuskerðing um langan tíma eykur félagslega einangrun einstaklinga. Langvarandi tekjuskerðing verður til þess að neysla fólks breytist. Um leið einangrast fólk frá kunningjum sínum. Það verður óþægilegt að spjalla við vinina um leikritin í leikhúsum borgarinnar, ráðstefnur, sýningar og svo framvegis vegna þess að fólk hefur ekki lengur efni á því að stunda menninguna og ráðstefnur. Fólk fer jafnframt sjaldnar út að borða með kunningjunum eða út að skemmta sér. Jafnvel klæðnaðurinn fer að undirstrika einangrunina frá kunningjunum. Þú finnur syfir óþægindum þegar þú mætir gömlum kunningjum á Laugaveginum í nýjum fótum úr síðustu Paríscarferðinni, eða ef ekki vill betur, fótum frá Sævari Karli. Þú ert enn í sömu fótunum og þú keyptir fyrir fimm árum, árið áður en þú varðst atvinnulaus. Með þessu fólkí átt þú enga samleid.

Afleiðingar kreppu- og samdráttarstefnu birtast líka í auknum átokum milli kynslóða. Á meðan vinnuvikan er ekki stytt svíður ungu atvinnulaus fólk, sem kannski er húsnaðislaust með ungþá, að gamalmenni sem allt eiga minnka ekki við sig vinnu. Kynslóðabilið er þó skýrara milli penslukynslóðarinnar og barna hennar. Flestir þekkja fjölda fjöldskyldna þar sem börn milli tvítugs og þrítugs eru atvinnulaus, í námi vegna atvinnuleysis eða atvinnulaus að námi loknu. Flestir þekkja líka afskiptaleysi penslukynslóðarinnar af vandamálum barna sinna. Hún er í raun ófær að takast á við vandamálið hvort heldur er persónulega eða samfélagslega, því hún lifir enn í þeirri hugmyndafræði að hver sé sinnar gæfu smiður. Hún lítur á vandamálið sem aummingjaskap barnanna. Þó eru forsendur þessara kynslóða gerolíkar. Penslukynslóðin hafði aðgang að ódýrum lánum til húsnaðiskaupa og fékk raunar stóran hluta húsnaðisins gefins í formi nei-



Hvað var það eiginlega sem gerði þensluna svona öðruvísi og þægilega?

kvæðra raunvaxta. Nýja kynslóðin er ekki aðeins að glíma við atvinnuleysi heldur einnig húsbréfakerfið, dýrasta húsnaðisfjárfestingakerfið sem hingað til hefur verið fundið upp á Íslandi. Það var fundið upp af penslukynslóðinni. Jafnvel er reynt að girða fyrir háskólamenntun nýju kynslóðarinnar með mun óhagstæðari námslánunum áður. Þá hefur niðurskurður á grunnskólastiginu í landinu verið svo aferandi á undanförnum árum, að ungr foreldar verða að gera það upp við sig hvort það er börnunum fyrir bestu að fjöldskyldan flytti til nágrannalandanna í leit að betri barnaskólkennslu. Það er engu líkara en að það sé markvisst stefnt að því að hrekja þetta fólk úr landi.

Bandaríkjamein í bobba

Ástandið í Bandaríkjum er nú undarlega áþekkt því sem er að gerast hér á landi. Langtímahagnun bandarískra efna-hagssífs er veruleiki sem millistéttin og stór hluti verkalyðsstéttarinnar eiga erfitt með að sætta sig við. Pensla áratuganna eftir stríð varð til þess að fólk taldi það nánast náttúrulögum að hver kynslóð hefði það betra en sú næsta á undan. Hún yrði betur menntuð og tekjuhærri. Staðreyndin er að dæmið hefur snúist við.

Meðal rauntekjur bandarískra fjöldskyldna eru nánast þau sömu og í byrjun 8. áratugarsins. Á sama tíma hafa skólagjöld í háskólum hækkað verulega og húsnæðiskostnaður hefur aukist gifurlega. Þessir tveir mælikvarðar eru mikilvægastir í stéttarvitund millistéttarinnar, að geta komið börnunum í háskóla og keypt sér einbýlishús. Kaupmáttarrýmun bandarískra fjöldskyldna í þessum skilningi skapar alls kyns fjárhagslegar deilur innan fjöldskyldna. Foreldrunum finnst þeir ekki bera neina ábyrgð á vandamálum barnanna, en hafa samt samviskubit yfir að þau falli úr millistéttinni og geta ekki hugsað sér að barnabörnin hafi það jafnvel enn verru í framtíðinni.

Skauthverfing samfélagsins

Kreppan í Bandaríkjum hefur staðið í two áratugi og hefur ekki aðeins leitt til langvarandi atvinnuleysis hjá stórum hópum fólks, heldur hafa laun einnig lækkað verulega. Tekjurýmunin hefur leitt til vaxandi skauthverfingar í bandarísku samfélagi milli vellauðugra og fátækra. Skauthverfingin birtist með annars í smásöluverslun. Millistéttarverslanir eiga erfiðara uppdráttar. Í New York hefur stórveldum eins og *Gimbels* og *Korvettes* verið lokað, en þessar verslanir einbeittu sér að millistéttinni. Verslanir fyrir vellauðuga eins og *Saks Fifth Avenue* gera það hins vegar gott og sömu sögu er að segja um verslanir eins og *Kmart* sem einbeittir sér að tekjulágum kúnum.

Skauthverfingin milli hinna vellauðugu og hinna fátækku grefur um sig og festist í sessi með ýmsu móti. Hún verður eins konar vítahringur sem samfélagið kemst ekki út úr. Þetta á einkum við um stórborgir þar sem samfélög fátækra og vellauðugra eru aðskilin í hverfum. Hinir ríku gera allt sem þeir geta til að losna við samskipti við hina fátækku og þá sem eru á niðurleid í samféluginu. Þeir forðast opinbera þjónustu og hvers kyns staði fyrir almenning eins og til dæmis skóla, útvistarsvæði og almenningsvagna. Um leið fækkar viðskiptavinum, velta staðanna eða þjónustumiðstöðvanna minnkar og þær verða niðurniðslunni (framhald á bls. 104).

Íslensk náttúra eins og spegill

(framhald af bls. 40) Þegar ég var að leggja af stað hingað þá hitti ég kunningja minn, rithöfundinn Stig Larson, og hann sagði: Þér á eftir að lítast vel á pig þar því að landslagið í kvæðunum þínum er alveg eins og á Íslandi. Og það var alveg rétt hjá honum. Hann var að tala um andrúmsloftið í ljóðunum mínum og íslensk náttúra hefur að sumu leyti verið eins konar spegill. Það er dálitið eyðileg og hrjóstrug stemmning í kvæðunum mínum. Þar er mikil um opin hrjóstrug svæði og það var underleg reynsla að sjá íslenska náttúru.

Ég yrki enn á pennan hátt en auðvitað finn ég alltaf fyrir löngun eftir grónu landslagi þar sem falleg blóm vaxa í skjöl-sælum trjálundum.

Auðvitað hef ég líka tekið eftir fleiru en landslagi hér á Íslandi. Ég hef aldrei bein-línis haft neinn brennandi áhuga á pólitísk en er þó með örlitla slagsíðu til vinstri. Ég fylgist með því helsta sem gerist í heiminum og því sem mest snertir mig innanlands í Svíþjóð. Nú á að fara að skatt-leggja hér bækur og frá Svíþjóð er hliðstæða sögu að segja. Þar vilja mörg sveitarfélög leggja niður öll bókasöfn. Ég hef tekið þátt í mótmælaðgerðum gegn því og það finnst mér mikilvægt. Við höfum heimsótt mentamálaráðherrann og haldið fundi og uppkomur á bókasöfnum. Þetta hljóta sænskir rithöfundar að gera vegna þess að þetta snertir þá á mörgum svíðum.

Áður en við kveðjumst langar mig til að segja að ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa komist til Íslands á Bókmennnaháttíð Norræna hússins. Það er alltaf gaman að hitta aðra rithöfunda og þessi bókmennnaháttíð var skemmtilega alþjóðleg. En ég hef líka fengið innsýn í þá grósku sem er í íslenskum nútífmabókmenntum og um hana var mér ekki kunnugt. Í Svíþjóð vitum við óþægilega lítið um bókmennir hinna Norðurlandanna og það er mjög erfitt að bæta úr þeiri vanþekkingu. Ekki kunnum við íslensku, færeysku né finnsku, þýðingar eru fáar og bóksalar í Svíþjóð eiga sjaldnast nokkrar danskar eða norskar bækur sem við gætum þó lesið. Vegna þess arna er það enn mikilvægara en ella að norrænir rithöfundar sjáist og heyst.

Kreppa þá og kreppa nú

(framhald af bls. 57) Nýrakaður maður, nýklipptur eða nýþeginn var enginn. Föt þeirra allra voru óhrein, slitin og larfaleg. Enginn maður sást brosa, en kæmu þeir auga á verkstjóra, sást líf færast í þá og seinlátlegt þramm þeirra skipti yfir í brokk.“ Veturinn 1935-1936 úthlutaði Vetrarhjálpin 789 matar- og fatapökum til 532 fjölskyldna, heitum máltsíðum til 100 manns og þar að auki 9.391 lítra af mjólk, 78.800 kflóum af kolum og 5.450 flískum. Þá rak Vetrar-hjálpin saumastofu þar sem að jafnaði unnu 15-20 stúlkur sem fengu laun af atvinnubótafé kvenna. Hjálpræðisherinn rak einnig mikil hjasparstarf. Starfsmenn hans skiptu bænum í hverfi og fóru þeir í hús til að kynna sér aðstæður fólks áður en því var hjálpað. Í viðtali við einn fulltrúa Hjálpræðishersins í desember 1933 sagði hann:

„Ástandið er afar illt. Örbirgðin er hræðileg hér í Reykjavík... Það er fjöldi fólks hér sem ekkert hefir að heita geti til

þess að lífa af. Verst er ástandið hjá ekkjum, sem hafa mörg börn, og einstæðingsgamalmennum. Bústaðir þessa fólks eru óskaplegir. Annaðhvort býr það í rökum kjöllurum, þar sem sjaldan eða aldrei nýtur sólar og forin af götunum húðar gluggana, eða þá að það býr uppi á hanabjálkalofti þar sem ómógulegt er að hita upp svo viðunandi sé.“

Kreppuni miklu á Íslandi lauk eins og hendi væri veifað þann dag er Bretar her-námu Ísland vorið 1940. Íslendingar höfðu rétt einu sinni fengið eins konar happ-drættisvinnung sem kippti málum í lag í einu vettangi. Þó að ástandinu í þjóðfélaginu núna, á því Herrans ári 1992, sé alls ekki hægt að líkja við kreppuárin eru sjúkdómseinkennin að vissu leyti hin sömu. Og þá er það bara spurningin. Fáum við enn einu sinni stóran happdrættis-vinnung eða þurfum við að vinna okkur út úr erfiðleikunum með seiglu og dugnaði?■

Penslan étur börnin sín

(framhald af bls. 17) að bráð. Niðurnfíðsla almenningssþjónustu dregur enn frekar úr kjörum fátæklinga. Því þeir þurfa á þjón-ustunni að halda. Um leið og fátæklingar sökva neðar er enn meiri ástæða fyrir hina ríku að snúa baki við fátæklingunum.

Þegar hinir ríku hætta að nota almenningsþjónustu hætta þeir að styðja opinber framlög til almannahailla. Þegar fólk sendir börnin sín í einkaskóla og fer í leigubíl í vinnuna, þá er líklegt að það krefjist skattalækkana og samdráttar í opinberum útgjöldum. Hinir ríku vilja ekki greiða skatta til að fjármagna skóla sem þeir nota ekki. Ríka fólkid sendir ekki börnin sín í þessa skóla vegna þess að það telur að samskipti barna sinna við fátæk børn geti reynst hættuleg.

Stór hluti íslenskrar millistéttar hefur fallið niður í lágstétt á undanförnum árum. Opinberir starfsmenn hafa verið beittir sérstöku harðræði, nánast ofskónum, til að halda niðri launum þeirra og styðja einka-

geirann þannig á óbeinan hátt. Hvort sem um er að ræða meðlimi BSRB eða BHMR þá eru þeir orðnir að annars flokks launþegum í sínu starfi. Drjúgur hluti millistéttarinnar hefur komið úr röðum fólks sem rekur litil fjölskyldufyrirtæki. Á síðustu misserum hefur gjaldþrotum slískra fyrirtækja fjölgæð, en um leið hefur þetta fólk misst eignir sínar vegna veðsetninga. Pannig hefur fólk misst einbýlishúsin og þarf að byrja upp á nýtt í blokk. Það eru í raun skrifstofumenn og sérfræðingar í einkageiranum sem standa enn óþeygðir undir fánum millistéttarinnar. Millistéttin hefur verið markvisst klofin milli einkageirans og opinbera geirans á undanförnum árum. Þessi þróun millistéttarinnar auk fjölgunar atvinnulausra og vaxandi kynslóðaátaka eru rætur vaxandi skauthverfingar í íslensku samfélagi sem við eignum ef til vill eftir að sjá miklu meira af í framtíðinni. ■